

LÖG

um breytingu á skipulagslögum, nr. 123/2010.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Við 4. mgr. 32. gr. laganna bætist nýr málslíður, svohljóðandi: Ráðherra skal synja, fresta eða staðfesta aðalskipulag innan sex vikna frá því að tillaga frá Skipulagsstofnun barst ráðuneytinu.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört á Bessastöðum, 29. mars 2012.

Ólafur Ragnar Grímsson.
(L. S.)

Katrín Jakobsdóttir.